

Minnisblað

Til:

Frá: Axel Rodriguez Överby

Dags. 24. janúar 2018

Mnr. 2017100045



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Skipulags- og byggingarfulltrúa

Forsaga

Ísland Ljóstengt er landsátak í uppbyggingu ljósleiðarakerfa í dreifbýli utan markaðssvæða. Markmiðið er að 99,9% þjóðarinnar eigi kost á 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu árið 2020.

Fjárheimild til fjarskiptasjóðs var alls 1.425 milljónir króna samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var í sept. 2017. Eitt helsta markmiðið í fjarskiptum er landsátak í lagningu ljósleiðarakerfa utan markaðssvæða í dreifbýli undir verkefnisheitinu *Ísland Ljóstengt*. Er þetta samvinnuverkefni ríkis, sveitarfélaga, íbúa, veitu- og fjarskiptafyrirtækja og verktaka við ljósleiðaravæðingu landsins.

Árið 2018 er annað árið sem úthlutað er úr svonefndum samkeppnispotti, Ísafjarðarbær sótti um fyrir árið 2017 en fékk ekki úthlutað úr samkeppnispotti en fékk sérstakan ráðherrastyrk sem nýttur var vegna ljósleiðaratengingar frá Skeiði inn á Þingeyri, þar sem Blábankinn, grunnskólinn o.fl. stofnanir voru tengdar.

Meginmál

Fyrir árið 2018 þá vann tæknideild Ísafjarðarbæjar í samráði verkfræðistofuna Eflu, að umsóknum vegna verkefnisins Ísland Ljóstengt 2018, sendar voru inn fjórar umsóknir.

Umsókn 1a, Umsókn 2a, Umsókn 1b, Umsókn 2b ein af þessu fjórum umsóknum fékk úthlutun og þ.e. umsókn 2a, en lagnaáætlun fyrir umsókn 2a má sjá í kortum Eflu, þ.e. kort V01 Fylgiskjal 2, lagnaleið er merkt áfangi 1.

Í staðarlista fyrir áfanga 1 eru 34 staðir styrkhæfir, þar af eru 28 lögheimili, þá lögbyli og sveitabæir í Dýrafirði, einnig er að finna Héraðsskólann að Núpi, golfvöllinn og flugvöllinn í Dýrafirði. Sjá nánari útlistun í töflu hér að neðan.

Tafla 1 Staðarlisti

Staðarlisti - Styrkhæfir staðir í áfanga 1 í Ísafjarðarbæ

Heitinúmer	Hnitnúmer	Heiti	Póstnúmer	Lögheimili	Sumarhús	Atvinna	Ferðamannast	Fjarskipta-mannvirkni	Veitu-mannvirkni	Annað	Heilsárs vera	Tenging	Styrkhæfur	X Jún93	Y Jún93	Lat_wgs84	Long_wgs84	Ath	Dags skráð
1050136	10087705	Alvöðra 3	471	1	0	0	1	0	0	1	1	2	1	290577	611460	65,93126164	-23,60383558	Ferðalþjónusta bænda	15.10.2017
1049809	10045072	Bakkli	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	293357	602036	65,85022464	-23,48447177		15.10.2017
1048811	10095282	Brekka	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	293874,2818	601817,3227	65,84841793	-23,47280465		15.10.2017
1141046	10113111	Brekka lóð 1	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	291040,7386	611262,225	65,92979499	-23,59336154		15.10.2017
1050143	10045205	Fell	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	292550	609342	65,91359876	-23,55726249		15.10.2017
1049814	10114723	Flugskýli	471	0	0	1	1	0	0	1	0	2	1	292556,1628	604449,268	65,86983938	-23,5494059	Þingeyrarflugvöllur	15.10.2017
1050147	10005472	Gemlufall 1	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	296819	607029	65,89563716	-23,46021645		15.10.2017
1119534	10099608	Gemlufall lóð	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	296780,775	607013,0886	65,89547065	-23,46102817		15.10.2017
1050148	10005475	Gerdhamrar	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	287918	613152	65,94464768	-23,66481873		15.10.2017
1050165	10005471	Hjarðardalur Neðri 2	471	1	0	0	0	0	0	1	1	2	1	297958,3977	605726,4591	65,88470323	-23,43328475	Einnig nefnt Bakki	15.10.2017
1050163	10005470	Hjarðardalur-fremri	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	299487	605510	65,88372369	-23,3995221		15.10.2017
1049820	10083207	Hólar	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	291944	604173	65,86697297	-23,56234811		15.10.2017
100485	10113183	Húsaútn	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	288991,25	606248,693	65,88354916	-23,63238212		15.10.2017
1049830	10114724	Hvammisland spennist	471	0	0	0	0	0	1	0	0	1	1	296614,9748	603129,0685	65,86062111	-23,45865228	Spennistöð OV	15.10.2017
1050170	10074258	Höfði	471	0	0	1	1	0	0	1	1	2	1	298118	604914	65,87753534	-23,42854733	Ferðalþjónusta bænda	15.10.2017
		Höfði II	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1			65,87701	-23,4277		15.10.2017
1049841	10077026	Kirkjuból	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	292463	602259	65,85018797	-23,54799225		15.10.2017
1132902	10045207	Klukkuland	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	293149	611419	65,93256289	-23,54742553		15.10.2017
1050174	10005469	Lambadalur-Ytri 1	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	303744	602883	65,86284629	-23,30249254		15.10.2017
1140387	10111205	Leiti	471	0	0	0	1	0	0	0	0	2	1	290755	611287	65,92983043	-23,5996601		15.10.2017
1138622	10106987	Lýngholt	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	292050	610020	65,91933967	-23,56928301		15.10.2017
1114949	10083206	Lækur lóð	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	291822,4045	610298,0705	65,92167932	-23,57470791		15.10.2017
1049847	10083208	Meðaldalur	471	0	0	0	1	0	0	1	0	2	1	290661	604634	65,87026409	-23,59111669	Golfvöllur	15.10.2017
1126518	10099911	Mb Hvammur	471	1	0	0	0	0	0	1	1	1	1	298596,4008	603322,3233	65,85464505	-23,41423239	Rör frá Snerpu	15.10.2017
1049851	10005466	Múli	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	293157	602139	65,8495612	-23,53264778		15.10.2017
1050180	10045209	Mýrar	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	294562	608174	65,90444441	-23,51338559		15.10.2017
1136744	10102754	Mýrar 1	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	294471	608203	65,90464562	-23,51342254		15.10.2017
1050164	10087712	Neðri-Hjarðardalur 1	471	1	0	0	0	0	0	0	1	2	1	298009	605827	65,88563444	-23,43233247		15.10.2017
1049853	10005467	Neðsti-Hvammur 1	471	1	0	0	0	0	0	1	1	1	1	298637	602541	65,85663175	-23,41357105	Rör frá Snerpu	15.10.2017
1050161	10087710	Núpur/Héraðsskóli	471	0	0	1	1	0	0	0	1	2	1	291350	611126	65,92877777	-23,58637031		15.10.2017
1050183	10087708	Prestshús	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1	291314	611174	65,92918368	-23,58723229		15.10.2017
		Savangur	471	1	0	0	0	0	0	0	0	2	1			65,89871	-23,4787		15.10.2017
1050191	10081548	Sæból 1	425	1	0	0	0	0	0	1	1	2	1	286852	625786	66,05692256	-23,70884075	Ingjaldssandi - Mögulega sleppt	15.10.2017
1085782	10069197	Sæból lóð 1 2	425	1	0	0	0	0	0	1	0	2	1	287031	625803	66,05719398	-23,7049288	Ingjaldssandi - Mögulega sleppt	15.10.2017

Umsókn 2a gerir ráð fyrir í kostnaðaráætlun að verkið sé 44.000.000 sótt var um 27.600.000 í styrkuppþæð og framlag Ísafjarðarbæjar var áætlað 9.600.000.

Úthlutaður styrkur er 18.771.000 fjöldi tenginga eru 34.


Sveitarfélagið Ísafjarðarbær - Áfangi 1 - Umsókn 2a - 60% af pottinum

Ingjaldssandur ekki með		
	Stofnkostnaður	pr staðfang
Jarðvinna	32.100.000	
Efni	6.500.000	
Blástur og tengingar	1.200.000	
Hönnun, umsjón og eftirlit	4.200.000	
Samtals	44.000.000	1.294.118
Fjarskiptasjóður	27.600.000	811.765
Inntaksgjöld	6.800.000	200.000
Sveitarfélag	9.600.000	282.353


Mynd 1 Kostnaðartölur skv. umsókn án Ingjaldssands

Sótt var um styrk vegna áfanga 1 nú.

Áfangi 1 verði framkvæmdur á árinu 2018 frá vori og fram að jólum, þó með fyrirvara um fjármögnun verkefnisins þ. á m. upphæð styrkveitingar



Mynd 2 Fylgiskjal 2



Mynd 3 Fylgiskjal 2

Fyrirvari var gerður í samþykkt styrkúthlutunar um að samþykki bæjarráðs þyrfti að liggja fyrir, Til að hægt sé að ljúka samningi við Fjarskiptasjóð um úthlutun styrks og til að þeir sem hafa lýst yfir áhuga á samstarfi við Ísafjarðarbæ geti stigið sín næstu skref þarf að vera ljóst hvaða fjármagn er til ráðstöfunar.

Lagt er til við bæjarráð að auk kostnaðar vegna vinnu Eflu verði framlag Ísafjarðarbæjar til verkefnisins allt að 9,6 mkr. og í framhaldinu verði leitað til þeirra sem hafa lýst yfir áhuga á þátttöku í verkefninu um þeirra tillögur um útfærslu á því. Miðað verði við að sem flestir staðir verði tengdir (ekki verði þó gert skilyrði um alla þar sem úthlutun Fjarskiptasjóðs var skert) og óskað eftir hugmyndum um form á rekstri kerfisins sem miði að því að lágmarka frekari útgjöld Ísafjarðarbæjar vegna hans og jafnframt að tryggja sömu markmið og voru lögð til grundvallar við framkvæmdir 2017, þ.e. að notendum í dreifbýli bjóðist ávallt tengingar á mánaðargjaldi sem sé sambærilegt við þéttbýli og að kerfið sé hannað í samræmi við kröfur Fjarskiptasjóðs, sérstaklega hvað varðar opinn aðgang fjarskiptafyrirtækja á samkeppnisgrundvelli, högun kerfis og síðari stækkunarmöguleika.

Áhugasamir bjóðendur í verkefninu munu þurfa að grófhanna kerfið á eigin kostnað án kröfu um þóknun ef þeirra tillögu er ekki tekið. Gefa þarf bjóðendum rúman tíma til að meta aðstæður og kanna áhuga notenda en miða skal þó við að í tillögum fylgi að sýni notandi ekki áhuga á tengingu á framkvæmdastigi, að samt sem áður verði gert ráð fyrir að tenging verði í boði án aukakostnaðar þegar slíkur áhugi kemur fram síðar.

Fjarskiptafélögin Míla og Snerpa hafa lýst yfir áhuga á samstarfi en jafnframt hefur Efla lýst yfir áhuga á að gera tilboð í tiltekna hluta verkefnisins. **Bæjarráð þarf því jafnframt að taka afstöðu til þess** hvort sé valkostur að vinna með fleiri en einum aðila að verkefninu eða hvort boði Eflu um frekara samstarf verði vísað áfram til fjarskiptafyrirtækjanna.

Í þessu sambandi er bent á að Efla er ekki skráð fjarskiptafyrirtæki og að skv. 16. gr. skilmála Fjarskiptasjóðs er ekki gert ráð fyrir að aðrir en Ríkiskaup sjái um gerð útboðs vegna einstakra verkþátta s.s. jarðvinnu eða efnis ef vilji er til þess að fara þá leið.

Lagt er til að bæjarstjóri fái heimild bæjarráðs til staðfestingar samnings við Fjarskiptasjóð um úthlutaðan styrk sem greiðist sbr. gr. 24 í skilmálum Fjarskiptasjóðs.

Lagt er til að undirrituðum verði falið að rita Mílu og Snerpu bréf þar sem greint verður frá áformum bæjarráðs og viðkomandi boðið að skila tillögum til og með 28. febrúar nk. um grófhönnun og drögum að samstarfssamningi um framkvæmdina og málið verði síðan lagt að nýju fyrir bæjarráð.

Sjá skilmála styrkúthlutunar Fjarskiptasjóðs hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=74659505-af69-11e7-941d-005056bc4d74>